

Nd.

330. Frumvarp til vegalaga.

Frá samgöngumálanefnd.

I. KAFLI

Um flokkun vega.

1. gr.

Vegir á Íslandi eru þjóðvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppsvegir.

2. gr.

A. Um Suðurland.

1. *Suðurlandsvegur*: Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa, Holt, Rangárvelli, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur. Um Höfðabrekkuheidi, Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Örafi, Breiðamerkursand, Suðursveit, um Flatey á Mýrum til Melatanga, um Höfn í Hornafirði, Nes, Almannaskarð og um væntanlega brú á Jökulsá í Lóni innan við Stafafell, að Lónsheiði.
2. *Reykjanesbraut*: Frá Reykjavík um Hafnarfjörð og Keflavík til Sandgerðis.
3. *Grindavíkurvegur*: Af Reykjanesbraut á Vogastapa um Grindavík að Reykjanesvíta.
4. *Hafnavegur*: Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum að Kirkjuvogi í Höfnum.
5. *Garðskagavegur*: Af Reykjanesbraut nálægt Útskálum að Garðskagavita.
6. *Álftanesvegur*: Af Hafnarfjarðarvegi til Bessastaða.
7. *Vífilsstaðavegur*: Af Hafnarfjarðarvegi til Vífilsstaða.
8. *Útvarpsstöðvarvegur*: Af Suðurlandsvegi skammt innan við Reykjavík að Útvarpsstöð á Vatnsendahæð.
9. *Ellidavatnsvegur*. Af Suðurlandsbraut hjá Rauðavatni um Vatnsenda og Vífilsstaði til Hafnarfjarðar.
10. *Krisuvík- og Selvogsvegur*: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð um Krisuvík, Selvog og Ölfus að Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði.
11. *Porlákshafnarvegur*: Af Selvogsvegi nálægt Hlíðarenda til Porlákshafnar.
12. *Biskupstungnabraut*: Af Suðurlandsvegi undir Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur, hjá Vatnsleysu til Geysis.
13. *Sogsvegur*: Af Biskupstungnabraut skammt fyrir austan Sogsbrú, hjá Ljósa-fossi og austan við Þingvallavatn til Þingvalla.
14. *Kiðjbergsvegur*: Af Suðurlandsvegi fyrir vestan Hraungerði, um væntanlega brú á Hvítá hjá Kiðjbergi, á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
15. *Þingvallabraut*: Af Vesturlandsvegi nálægt Köldukvísl til Þingvalla.
16. *Grafningsvegur*: Af Þingvallabraut nálægt Heiðabæ, sunnan Þingvallavatns og hjá Úlfljótuvatni að Sogsvegi nálægt Ljósafossi.

17. *Laugardalsvegur*: Af Sogsvegi nálægt Þingvallavatni, um Laugardal hjá Laugarvatni að Biskupstungnabraut hjá Múla.
18. *Laugarvatnsvegur*: Af Biskupstungnabraut hjá Svinavatni að Laugardalsvegi hjá Laugarvatni.
19. *Skeiða- og Hreppavegur*: Af Suðurlandsvegi í Flóa upp Skeið og Hrunamannahrepp að Gullfossvegi vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
20. *Gullfossvegur*: Af Biskupstungnabraut hjá Tungufljóti til Gullfoss.
21. *Gnúpverjavegur*: Af Skeiðavegi sunnan Laxár, hjá Ásum og norðan Miðfells upp Þjórsárdal að Ásólfstöðum.
22. *Skálholtsvegur*: Af Skeiðavegi nálægt Reykjum, yfir Hvítá hjá Iðu, um Skálholt að Biskupstungnabraut austan Brúarár.
23. *Villingaholtsvegur*: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt suður með Þjórsá um Parta og Fljótshóla, að Gaulverjabæjarvegi.
24. *Gaulverjabæjar- og Stokkseyrarvegur*: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri að Eyrarbyggðavegi.
25. *Eyrarbyggðavegur*: Frá Selfossi að Eyrarbyggð.
26. *Ásvegur*: Af Suðurlandsvegi móts við vegamót Landvegur um Ás að Sandhólaferju.
27. *Landvegur*: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Land hjá Múla að Galtalæk.
28. *Hagabraut*: Af Landvegi fyrir ofan Lýtingsstaði um Haga, Stúfholt, Skammbeinsstaði að Landvegi neðan við Köldukinn.
29. *Þykkvabæjarvegur*: Af Suðurlandsvegi vestan Ægissíðu að Háabæ í Þykkvabæ.
30. *Árbæjarvegur*: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá, um Árbæ á Landveg nálægt Lækjarbotnum.
31. *Bakkabæjavegur*: Af Suðurlandsvegi austan við Þverárbrú, sunnan Þverár yfir væntanlega brú á Hólsá hjá Ártúni á Þykkvabæjarveg.
32. *Landeyjavegur syðri*: Af Suðurlandsvegi hjá Hemlu, hjá Akurey, Bergþórhvoli, Lágafelli og Miðey að Suðurlandsvegi nálægt Ossabæ.
33. *Fljótshlíðarvegur*: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð að Múlakoti.
34. *Dyrhólavegur*: Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal um Loftsalí að Dyrhólaey.
35. *Reynishverfisvegur*: Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Reyniskirkju í Mýrdal.
36. *Álftaversvegur*: Af Suðurlandsvegi við Skálmárbrú á Mýrdalssandi að Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri.
37. *Búlandsvegur*: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Búlandi.
38. *Meðallands- og Landbrotsvegur*: Af Suðurlandsvegi í Skaftártungu um Ása-brú, Leiðvöll og Langholt í Meðallandi. Um Eldvatnsbrú hjá Fljótum og upp Landbrot austanvert á Suðurlandsveg við Skaftárbrú.
39. *Kirkjubæjarklaustursvegur*: Af Suðurlandsvegi austan við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri á Síðu.
40. *Inn-Nesja- og Mýravegur*: Af Suðurlandsvegi hjá Hólum í Hornafirði vestur yfir Fljót innra, nálægt Hoffelli, út Mýrar að Suðurlandsvegi hjá Flatey. Yfir Hornafjarðarfljót ytra, undan Bjarnanesi.
41. *Hornsvegur*: Af Suðurlandsvegi hjá Almannaskarði að Horni.

B. Um Vesturland.

1. *Vesturlandsvegur*: Af Suðurlandsvegi innan við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, um Leirársveit, Hafnarskóg og Andakíl. Yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufá. Um Norðurárdal, Bjarnadal, Miðdali, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð,

- yfir Geiradal, um Kollabúðarheiði, Þorskafjarðarheiði og Langadal til Arngerðareyrar.
2. *Reykjavegur*: Af Vesturlandsvegi við Varmárbrú um Álafoss, um Reykjahverfi, hjá Miðdal og á Suðurlandsveg hjá Geithálsi.
 3. *Kjósarskarðsvegur*: Frá vegamótum Vesturlandsvegjar hjá Skorá um Möðruvelli og Fellsenda á Þingvallaveg hjá Syðri-Stifflisdal.
 4. *Reynivallavegur*: Af Vesturlandsvegi norðan Laxárbrúar um Reynivelli að vegamótum Kjósarskarðsvegjar hjá Möðruvöllum.
 5. *Dragháls- og Skorradalsvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd um Ferstikluháls, Svinadal, vestan Skorradalsvatns, um Hestháls yfir Andakíl að Vesturlandsvegi hjá Hvítárvöllum.
 6. *Andakilsfossavegur*: Af Vesturlandsvegi nálægt Ausu, hjá Andakilsfossu og á Skorradalsveg hjá Grund.
 7. *Leirársveitarvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Leirá, síðan yfir Laxárbrú hjá Hóli og á Vesturlandsveg skammt frá Miðfelli.
 8. *Akranesvegur*: Frá Akranesi að Vesturlandsvegi hjá Lambhaga.
 9. *Akraffallsvegur*: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl, fyrir Akrafjall, hjá Klafastöðum og Innra-Hólmi á Þjóðveginn ofan við Akraneskaupstað.
 10. *Hvalfjarðarferjuvegir*: Af Vesturlandsvegi hjá Eyri í Kjós að ferjulendingu sunnan Hvalfjarðar og af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum að ferjulendingu norðan Hvalfjarðar.
 11. *Lundarreykjadalvegur*: Af Skorradalsvegi á Götuási inn Lundarreykjadal á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.
 12. *Bæjarsveitarvegur*: Af Vesturlandsvegi nálægt Hesti, um Bæjarsveit, um Reykjadalárbrú hjá Kleppjárnsreykjum að Reykholtsdalsvegi.
 13. *Borgarnesbraut*: Frá Borgarnesi að Vesturlandsvegi norðan Gufár.
 14. *Borgarfjarðarbraut*: Af Vesturlandsvegi hjá Haugum um Stafholtstungur yfir Hvítárbrú á Kláffossi, um Reykholtsdal og Hálsasveit að Lambá.
 15. *Varmalandsvegur*: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Varmalands-skóla.
 16. *Stafholtsvegur*: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Stafholti.
 17. *Þverárhliðarvegur*: Af Borgarfjarðarbraut um Hjarðarholt og Arnbjargarlæk á Kleifaveg hjá Norðtungu.
 18. *Kleifavegur*: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kláffossbrú um Kleifar að Norðtungu.
 19. *Hvítársíðuvegur*: Af Kleifavegi inn Hvítársíðu um væntanlega brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum og á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
 20. *Álftaneshreppsvegur*: Af Stykkishólmsvegi vestan Langár um Álftaneshrepp sunnanverðan, sunnan Hólsvatns að Vogalæk.
 21. *Hraunhreppsvegur*: Af Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa, um Hrafnkelsstaði og Laxárholt að Vogu.
 22. *Hnappadalsvegur*: Af Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bilduhóli á Skógarströnd.
 23. *Stykkishólmsvegur*: Af Borgarnesbraut fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
 24. *Ólafsvíkurvegur*: Af Stykkishólmsvegi austan við Straumfjarðará um Staðarsveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
 25. *Útnesvegur*: Af Ólafsvíkurvegi, sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík að Sandi.
 26. *Hellissandsvegur*: Frá Ólafsvík um Ennisdal til Hellissands.
 27. *Eyrarsveitar- og Fróðárhreppsvegur*: Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Eyrarsveit til Grafarness. Utan í Búlandshöfða og um Fróðársveit á Ólafsvíkurveg.
 28. *Skógarstrandarvegur*: Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Skógarströnd, yfir Hörðudal og á Vesturlandsveg í Miðdölum.

29. *Haukadalsvegur*: Af Vesturlandsvegi sunnan við Haukadalsárbrú um Haukadal inn á móts við Leikskála.
30. *Laxárdalsvegur*: Af Vesturlandsvegi sunnan Laxár í Dölum, um Laxárdal og Laxárdalsheiði að Strandavegi utan Borðeyrar.
31. *Laugavegur*: Af Þjóðveginum í Hvammssveit að Laugum.
32. *Klofnings- og Skarðsstrandarvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Ásgarði um Staðarfell og Skarðsstöð á Vesturlandsveg í Saurbæ.
33. *Salthólmavíkurvegur*: Af Skarðsstrandarvegi hjá Tjaldanesi í Saurbæ til verzlunarstaðarins í Salthólmavík.
34. *Króksfjarðarnesvegur*: Af Vesturlandsvegi í Geiradal að verzlunarstaðnum í Króksfjarðarnesi.
35. *Reykhólasveitarvegur*: Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, um Reykhóla að Stað.
36. *Gufudalsvegur*: Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði að Gufudal.
37. *Steinadalsvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Brekku í Gilsfirði, um Steinadalsheiði og á Strandaveg í Kollafirði.
38. *Strandavegur*: Af Norðurlandsvegi vestan Hrutafjarðarar um Borðeyri, út með Hrutafirði, um Stikuháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð og til Hólmavíkur. Um Staðardal og að Vesturlandsvegi á Kollabúðarheiði.
39. *Kaldrananesvegur*: Af Bjarnarfjarðarvegi til Kaldrananess.
40. *Reykjarfjarðarvegur*: Af Strandavegi í Staðardal, um Bjarnarfjörð. Bala, Kaldbak og Veðileysu, um Kúvíkur í Reykjarfirði að Árnesi.
41. *Selstrandarvegur*: Af Reykjarfjarðarvegi norðan Selár út Selströnd um Drangnes að Bæ.
42. *Ármúlavegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Langadalsárbrú innan við Arngerðareyri út Langadalsströnd að Ármúla.
43. *Snæfjallastrandarvegur*: Frá Ármúla um Snæfjallaströnd að Bæjum.
44. *Ögurvegur*: Frá Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp um Múla, um Eyrarfjall og Mjóafjörð í Ögur.
45. *Aðalvíkurvegur*: Frá Heklu við Hesteyri um Hesteyrardal og Stakkadalsheiði til Látra í Aðalvík.
46. *Hnífsdals- og Bolungavíkurvegur*: Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.
47. *Ísafjarðarvegur*: Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði, inn fyrir Önundarfjörð, um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.
48. *Súðavíkurvegur*: Af Ísafjarðarvegi nálægt Seljalandsá í Skutulsfirði um Arnardal til Súðavíkur.
49. *Suðureyrarvegur*: Af Ísafjarðarvegi á Breiðadalsheiði um Botnsheiði út með Súgandafirði til Suðureyrar.
50. *Flateyjarvegur*: Af Ísafjarðarvegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
51. *Hjarðardalsvegur*: Af Ísafjarðarvegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði um Hjarðardal og yfir Dalsá hjá Kirkjubóli í Valþjófsdal.
52. *Núpsvegur*: Af Ísafjarðarvegi hjá Gemlufalli að Núpi.
53. *Þingeyrarvegur*: Frá Þingeyri um Brekkudal og Rafnseyrarheiði að væntanlegum ferjustað við Arnarfjörð nálægt Rafnseyri.
54. *Haukadalsvegur*: Frá Þingeyri til Haukadals.
55. *Bildudals- og Patreksfjarðarvegur*: Frá Bildudal um Hálf dán, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð.
56. *Dalahreppsvegur*: Frá Bildudal að Bakka í Dalahreppi.
57. *Suðurfjarðavegur*: Frá Bildudal um Suðurfirði að Fossi.
58. *Tálknafjarðarvegur*: Af Bildudalsvegi norðan Tálknafjarðar að Sveinseyri.
59. *Barðastrandarvegur*: Frá Geirseyri um Kleifaheiði, hjá Haga að Brjánslæk.
60. *Rauðasandsvegur*: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker og Saurbæ að Lambavatni á Rauðasandi.
61. *Örlygshafnarvegur*: Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri um Sauðlauksdal til Örlygshafnar.

C. Um Norðurland.

1. *Norðurlandsvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheidi og Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, Miðfjörð, Viðidal og Vatnsdalsá hjá Hnausum til Blönduóss. Um Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Um Vaðlaheiði, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði og Aðalreykjadal til Húsavíkur. Um Reykjaheiði og Kelduverfi að Austurlandsvegi, austan við Jökulsárbrú í Axarfirði.
2. *Reykjaskólavegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Reykjum í Hrútafirði að Reykja-skóla.
3. *Miðfjarðarvegur*: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi yfir Núpsá á væntanlegri brú nálægt Haugum.
4. *Hvammstangabraut*: Frá Hvammstanga að Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi.
5. *Vatnsnesvegur*: Frá Hvammstanga út Vatnsnes að Hindisvík.
6. *Vesturhópsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Vatnshorni um Vesturhóp út að Hindisvík.
7. *Vatnsdalsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá.
8. *Reykjabraut*: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá um Reyki á Svínvetningabraut hjá Tindum.
9. *Svínvetningabraut*: Frá Blönduósi, hjá Svínavatni, um væntanlega brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
10. *Skagastrandarvegur*: Frá Blönduósi um Skagaströnd til Kálfshamarsvíkur.
11. *Þverárfjalls- og Gönguskarðavegur*: Af Skagastrandarvegi utan við Laxá um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal ytri, Laxárdalsheiði og Gönguskörð til Sauðárkróks.
12. *Skagavegur*: Af Gönguskarðsvegi hjá Skíðastöðum út Laxárdal að Skefilsstöðum.
13. *Sauðárkróksbraut*: Frá Sauðárkróki að Norðurlandsvegi hjá Varmahlíð.
14. *Skagafjarðarvegur*: Af Norðurlandsvegi skammt innan við Varmahlíð um Mælifell, um Tungusveit og Kjálka, á Norðurlandsveg nálægt Egilsá í Norðurárdal.
15. *Út-Blönduhlíðarvegur*: Af Hofsóssvegi austan Héraðsvatna um Viðvíkursveit og Blönduhlíð á Norðurlandsveg austan við Héraðsvatnabrá á Grundarstokki.
16. *Hofsósvegur*: Frá Sauðárkróki um Hegranes, Viðvíkursveit og Óslandshlíð til Hofsóss.
17. *Hegranesvegur*: Af Hofsóssvegi hjá Garði að Ríp.
18. *Hólavegur*: Af Hofsóssvegi að Hólum í Hjaltadal.
19. *Siglufjarðarvegur*: Frá Hofsósi um Sléttuhlíð, Fljót og Siglufjarðarskarð til Siglufjarðar.
20. *Ólafsfjarðarvegur*: Af Siglufjarðarvegi norðan Fljótaár um Stíflu og Lágheiði til Ólafsfjarðar.
21. *Hörgárdalsvegur innri*: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá á Þelamörk yfir Hörgárbrú nálægt Þúfnavöllum.
22. *Hörgárdalsvegur ytri*: Af Hörgárdalsvegi innri nálægt Hörgárbrú hjá Skuggahvammi að Dalvíkurvegi hjá Möðruvöllum.
23. *Dalvíkurvegur*: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugahálsi um Arnarneshrepp og Árskógströnd, hjá Árgerði til Dalvíkur.
24. *Árskógssandsvegur*: Af Dalvíkurvegi utan við Þorvaldsdalsá að Árskógssandi.
25. *Svarfaðardalsvegur*: Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Urðum.
26. *Hrisavegur*: Af Dalvíkurvegi hjá Hrisum um brýr á Skíðadalsá og Svarfaðardalsá að Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum.
27. *Hjalteyrarvegur*: Af Dalvíkurvegi hjá Skriðulandi í Arnarneshreppi til Hjalteyrar.

28. *Eyjafjarðarbraut*: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar að Jörunnarstöðum, ásamt brautinni að Kristneshæli.
29. *Laugalandssvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, hjá Laugalandsskóla, um Eyjafjarðarbrú á Stíflu og á Eyjafjarðarbraut skammt utan við Saurbæ.
30. *Svalbarðsstrandarvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Veigastöðum innst á Vaðlaheiði, um Svalbarðsströnd og Höfðahverfi á Fnjóskadalsveg austan við brú á Fnjóská hjá Laufási.
31. *Fnjóskadalsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Hálsi út Fnjóskadal austanverðan um Höfðahverfi til Grenivíkur.
32. *Kinnarvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði um Köldukinn, yfir Skjálfandafljótsbrú, norður fyrir Garðsnúp á Norðurlandsveg hjá Garði í Aðaldal.
33. *Reykjahverfisvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Laxamýri í Aðaldal, um Hveravelli í Reykjahverfi og Hvammsheiði, hjá Grenjaðarstað, á Norðurlandsveg hjá Syðra-Fjalli í Aðaldal.
34. *Laxárdalsvegur*: Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárbrúm vestan Laxár að Þverá í Laxárdal.
35. *Bárðardalsvegur vestri*: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts yfir væntanlega brú hjá Stóruvöllum.
36. *Bárðardalsvegur eystri*: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshól, austan Skjálfandafljóts að Sandvík í Bárðardal.
37. *Mývatnssveitar- og Mývatnsöræfavegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Breiðumýri um Mývatnsheiði, Mývatnssveit, Námaskarð og Mývatnsöræfi, um brú á Jökulsá og á Austurlandsveg hjá Grímsstöðum á Fjöllum.
38. *Laugaskólavegur*: Af Mývatnssveitarvegi sunnan við Breiðumýri að Laugaskóla.
39. *Tjörnesvegur*: Frá Húsavík kringum Tjörnes að Norðurlandsvegi hjá Lóni í Kelduhverfi.
40. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur*: Af Norðurlandsvegi austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Kópaskerskaupún, yfir Melrakkaslétu, um Raufarhöfn á Axarfjarðarheiðarveg nálægt Svalbarði í Þistilfirði.
41. *Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegur*: Af Kópaskersvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga og Svalbarð í Þistilfirði til Þórshafnar.
42. *Langanesvegur*: Frá Þórshöfn um Langanes að Skálum.

D. Um Austurland.

1. *Austurlandsvegur*: Af Norðurlandsvegi austan við Jökulsá í Axarfirði, um Hólsfjöll hjá Grímsstöðum, hjá Möðrudal um Möðrudalsöræfi, Jökuldalsheiði, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalsheiði, um Breiðdal hjá Eydölum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpavogs. Um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði að Suðurlandsvegi í Lóni.
2. *Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur*: Frá Þórshöfn norðan Brekknaheiðar, um Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð á Austurlandsveg vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.
3. *Hafnarvegur*: Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi við Bakkaá í Skeggjastaðahreppi að Hafnarkaupúni.
4. *Vopnafjarðarvegur*: Af Austurlandsvegi hjá Möðrudal um Langadal, yfir Möðrudalsheiði, um Hofárdal til Vopnafjarðar.
5. *Vesturdalsvegur*: Af Strandavegi nálægt Vesturá um Vesturárdal á Vopnafjarðarveg fyrir innan Hof.

6. *Jökuldalsvegur*: Frá Austurlandsvegi við Gilsá í Jökuldal um Hákonarstaði og Brú að Aðalbóli.
7. *Hróarstunguvegur nyrðri*: Af Austurlandsvegi austan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum austan Jökulsár, um væntanlega brú á Lagarfljót á Steinboga, á Úthéraðsveg nálægt Hóli.
8. *Hróarstunguvegur eystri*: Af Austurlandsvegi hjá Rangá, um Kirkjubæ, yfir væntanlega brú á Lagarfljót hjá Fossi og á Úthéraðsveg hjá Bóndastöðum.
9. *Upphéraðsvegur*: Af Austurlandsvegi vestan Lagarfljótsbrúar, um Fell og á Fljótsdalsveg vestan við Jökulsá í Fljótsdal skammt fyrir innan Valþjófsstað
10. *Fjarðarheiðarvegur*: Af Fagradalsbraut hjá Egilsstöðum um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
11. *Seyðisfjarðarvegur*: Frá Seyðisfirði að Þórarinsstöðum.
12. *Úthéraðsvegur*: Af Fjarðarheiðarvegi austan við Eyvindarárbrú um Eiðabínghá og Hjaltastaðabínghá að Óshöfn. Um Njarðvík og Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar.
13. *Fagradalsbraut*: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal að Búðareyri við Reyðarfjörð.
14. *Eskifjarðarvegur*: Frá Búðareyri við Reyðarfjörð til Eskifjarðarkauptúns.
15. *Norðfjarðarvegur*: Frá Eskifjarðarkauptúni um Oddsskarð til Neskaupstaðar.
16. *Viðfjarðarvegur*: Frá Eskifjarðarkauptúni um Vaðlavíkurheiði til Viðfjarðar.
17. *Skóga- og Fljótsdalsvegur*: Af Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum um Skóga, Hallormsstað, Víðivelli, yfir væntanlegar brýr á Kelduá og Jökulsá, á Upphéraðsveg skammt fyrir innan Valþjófsstað.
18. *Skriðdalsvegur*: Af Skógavegi vestan Grímsár inn Skriðdal um væntanlegar brýr á Geitdalsá og Múlaá, á Austurlandsveg.
19. *Þórdalsheiðarvegur*: Af Austurlandsvegi í Skriðdal um Þórdalsheiði og Fagradalsbraut í Reyðarfirði.
20. *Mjóafjarðarvegur*: Af Fagradalsbraut sunnan við Köldukvísl um Eyvindardal, Slenjudal og Mjóafjarðarheiði að Firði í Mjóafirði.
21. *Fáskrúðsfjarðarvegur*: Af Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Staðarskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
22. *Vattarnesvegur*: Af Fáskrúðsfjarðarvegi fyrir austan Kolmúla að Vattarnesi.
23. *Breiðdalsvíkurvegur*: Af Austurlandsvegi hjá Eydölum í Breiðdal til Breiðdalsvíkur.
24. *Stöðvarfjarðarvegur*: Frá Búðum um Hafnarnes og Stöðvarfjörð á Breiðdalsvíkurveg hjá Þverhamri.

3. gr.

Þar, sem þjóðvegur liggur um kaupstað eða kauptún, telst þjóðvegurinn að mörkum kaupstaðarlóðar eða verzlunarlóðar.

Þar, sem mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar eru ekki ákveðin, úrskurðar ráðherra, hvar þjóðvegur endar.

Nú nær byggð meðfram slíkum vegi út fyrir mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar, og skal þá ekki telja þjóðveg lengra en þar að, sem byggð telst enda samkvæmt úrskurði ráðherra.

4. gr.

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem vegamálastjórnin ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

5. gr.

Sýsluvegir eru þeir vegir um hverja sýslu, þar sem mest er umferð, enda séu þeir eigi þjóðvegir.

Sýslunefndir ákveða að fengnu samþykki vegamálastjórnarinnar, hvar sýsluvegir skuli liggja, hver innan sinnar sýslu.

6. gr.

Hreppsvegir eru vegir um hreppa og hreppa í milli, sem hvorki eru þjóðvegir né sýsluvegir. Sýslunefnd ákveður eftir tillögum hreppsnefndar, hvar hreppsvegir skuli liggja.

II. KAFLI

Um stjórn vegamála.

7. gr.

Ráðherra sá, er fer með samgöngumál, hefur yfirstjórn allra vegamála. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar forseti Íslands vegamálastjóra, en ráðherra skipar honum verkfræðinga og aðra aðstoðarmenn eftir þörfum, að fengnum tillögum hans.

8. gr.

Sýslunefndir hafa, undir yfirumsjón vegamálastjóra, umsjón og stjórn þeirra vegagerða og þess viðhalds, sem kostað er af sýslusjóði eða sýsluvegasjóði. Oddviti sýslunefndar hefur umsjón með öllum sýsluvegum, en hann ræður hæfa verkstjóra til þess að stjórna framkvæmdum. Skylt er sýslunefndum að hlíta ráðum vegamálastjóra um framkvæmd vegagerða.

9. gr.

Hreppsnefnd hefur umsjón með allri vinnu að hreppsvegum, og skal hún ráða hæfa verkstjóra. Hlíta skal hreppsnefnd ráðum sýslunefndar og vegamálastjóra um framkvæmd vegagerða.

III. KAFLI

Um gerð vega, viðhald þeirra og greiðslu kostnaðar.

10. gr.

Allir vegir skulu vera svo gerðir, að nægi umferð þeirri, sem er eða vænta má að verði um þá, að svo miklu leyti sem vegamálastjórnin telur slíkt kleift.

11. gr.

Ríkissjóður kostar umbætur og viðhald þjóðvega. Skulu þeir gerðir akfærir svo fljótt sem fé er veitt til í fjárlögum. Nú verður álitid gagnlegt að gera einhvern þjóðvegarkafla akfæran, og má þá, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, setja það skilyrði, að hlutaðeigandi sveitarfélag eða sýslufélag leggi fram tiltekinn hluta alls vegagerðarkostnaðar.

12. gr.

Vegamálastjórnin ákveður, hvaða fjallvegir skulu gerðir akfærir. Aðrir fjallvegir skulu gerðir reiðfærir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til. Greiðist kostnaður við þá úr ríkissjóði.

13. gr.

Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykkt um stofnun sýsluvegasjóðs samkvæmt lögum nr. 10 20. júní 1923, um samþykktir um sýsluvegasjóði, og fer þá um kostnað við sýsluvegi samkvæmt þeim lögum.

Í þeim sýslum, þar sem ekki eru sýsluvegasjóðir, er sýslunefnd heimilt að ákveða, að hvert hreppsfélag skuli árlega greiða í sýslusjóð sérstakan vegaskatt fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, 20–60 ára, í hverri stöðu sem er. Fyrir hvern verkfæran karlmann má sýsluvegagjald þetta nema allt að andvirði eins 8 stunda dagsverks verkamanns í vegavinnu ríkissjóðs í sýslunni hið næsta ár áður en skatturinn er lagður á. Hreppstjórar skulu í októbermánuði ár hvert semja

nafnaskrá yfir alla verkfæra karlmenn 20—60 ára, sem heimili hafa í hreppnum. Skulu skrárnar sendar sýslumanni fyrir hver árslok, en sýslumaður ákveður eftir þeim sýsluvegagjald hvers hrepps. Gjaldið skal borgað úr sveitarsjóði og greitt sýslumanni á manntalsþingi. Samrit af skránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í té fyrir 20. október.

14. gr.

Sýslunefnd getur ákveðið, að hluta af fé því, er sýslan leggur fram til sýsluvega, verði varið til kaupa á stórvirkum, vélknúnum tækjum til vegagerðar í sýslunni, svo sem jarðýtu og skurðgröfu, enda hafi áður verið leitað um það álits og tillagna vegamálastjóra. Telji vegamálastjóri ráðlegt, að sýslan kaupi slíkar vélar, greiðir ríkissjóður helming af verði vélanna, þar með talinn allur kostnaður við þær, komnar á ákvörðunarstað í sýslunni.

Vélar þessar skulu starfræktar undir yfirstjórn vegamálastjóra.

15. gr.

Sýsluvegir skulu gerast akfærir þar, sem því verður við komið. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um greiðslu styrks til akfærra sýsluvega, sem veittur er í fjárlögum, og má styrkur þessi nema allt að helmingi kostnaðar af viðhaldi sýsluvega og allt að $\frac{3}{5}$ hlutum kostnaðar nýbygginga.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um akfæra sýslu- og hreppsvegi, og fer þar um sáukvæmt lögum nr. 38 28. nóv. 1919.

16. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda vegamálastjóra skýrslu um þær vegabætur, er hafa verið framkvæmdar á kostnað sýslusjóðs, ásamt reikningi yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins.

17. gr.

Nú vill sýslunefnd framkvæma á einu ári meiri vegabætur á sýsluvegum en tekjur sjóðsins það ár leyfa, og getur hún þá tekið lán til þeirra; en áður sýslunefnd ákveður lántökuna, skal liggja fyrir áætlun um kostnað við hina fyrirhuguðu vegagerð eftir verkfróðan mann, og skal áætlunin vera samþykkt af vegamálastjóra.

18. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði, en í hann skal greiða hreppsvegagjald, 20 krónur árlega fyrir hvern verkfæra karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd, að fengnu samþykki sýslunefndar, að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli vera hærra, allt að andvirði eins 8 stunda dagsverks verkamanns í vegavinnu ríkissjóðs í sýslunni hið næsta ár áður en skatturinn er lagður á.

19. gr.

Hver sá maður, sem talinn er í verkfærra skrá, skal greiða hreppsvegagjald í sveitarsjóð. Húsráðandi hver innir gjaldið af hendi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldsins er 31. desember ár hvert.

20. gr.

Til vegagerðar á hreppsvegum má ekki verja minna fé úr sveitarsjóði en nemur hinu lögskipaða hreppsvegagjaldi. Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sé á kostnað hreppsins meiri vegagerð en svo, að hreppsvegagjaldið með hækkun þeirri, sem heimiluð er í 18. gr., hrökkvi fyrir henni, og má hún þá greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði, ef meiri hluti gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar og fund sækja, samþykkir á lögætum sveitarfundi, og sé með þeirri samþykkt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagerðar úr sveitarsjóði umfram hreppsvegagjaldið.

21. gr.

Nú er lítið að vinna að hreppsvegum í hreppi, og má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi hreppsvegargjalds greiðist í peningum í sýslusjóð. Sé aftur á móti hreppsvegavinna mikil í einhverjum hreppi af því að þar eru engir þjóðvegir né sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að allt að jafnmikilli upphæð og hreppsvegagjald hreppsins greiðist úr sýslusjóði.

22. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda vegamálastjóra yfirlit yfir hreppsvegagjöld í sýslunni og yfir gjöld sveitarsjóða til vega.

23. gr.

Nú vill hreppsnefnd taka lán til vegagerðar í hreppnum og skuldbinda sveitarsjóð til greiðslu á láninu ásamt vöxtum af því, og er henni það heimilt, ef meiri hluti allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar, samþykkir á lögmetum sveitarfundi, enda samþykki sýslunefnd ályktun hreppsnefndar um lántökuna.

IV. KAFLI

Um jarðrask, landnám, átroðning o. fl.

24. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Enn fremur að leyfa, að vatni, sem veita þarf frá vegi, sé gerð franrás yfir land hans. Þó getur enginn krafizt skaðabóta samkvæmt þessum lögum fyrir vatnsrásir, sem eru til orðnar áður en þessi lög öðlast gildi. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sé krafizt og álitid verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og landnám vegna þjóðvegjar skulu greiðast úr rikissjóði og reiknast með kostnaði vegjarins.

25. gr.

Merki, hæla, vörður eða því líkt, sem vegamálastjóri hefur látið setja til að marka útmælda veglínu, má ekki nema burt án leyfis hans.

Rétt er vegamálastjórninni að banna, að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs vegjar, sem mælt hefur verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi allt að 3 árum.

26. gr.

Bætur fyrir landnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum háðum málsaðilum. Kostnaðinn við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, er honum er metin, er nær því, sem honum hefur verið boðið, en því, sem hann hefur krafizt, ella telst kostnaðurinn við matið með skoðabótakostnaðinum.

Nú vill annar hvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan mánaðar frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal frankvæmt af fjórum dómkvöddum mönnum; kostnaðinn við yfirmat greiðir landeigandi, ef hann hefur krafizt þess og það gengur honum eigi í vil, ella telst hann með öðrum skoðabótakostnaði.

27. gr.

Mat skal fram fara á vettvangi, þá er jörð er snjólaus. Við matið skal hafa tillit til árlegs afrakstrar af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja og athuga vandlega allt það, er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal; sérstaklega skal hafa tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði við vegagerðina. Nú leggst eldri stígur eða vegur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda, og skal þá við matsgerðina meta sérstaklega hið gamla vegarstæði eða götutroðninga og draga frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir landnám undir hinn nýja veg, eða jarðrask, leiðandi af lagningu hans. Bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum, nema sannað verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi en af hinum eldri vegi eða stíg.

28. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, en sé jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 5 af hundraði árlega af skaðabótaupphæðinni meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemmdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sérstaklega.

29. gr.

Skaðabóta, er af vegagerð eða vegaviðhaldi leiðir, skal krefjast innan árs frá því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

V. KAFLI

Um brýr, ferjur, sæluhús, girðingar, hlið o. fl.

30. gr.

Brýr skal gera samkvæmt lögum um brúargerðir.

31. gr.

Kostnað við bifreiðaferjur til flutnings yfir vötn eða firði, svo og við lendingarbætur og bryggjur í sambandi við þær, er heimilt að greiða úr ríkissjóði og telja með öðrum kostnaði vegamála.

32. gr.

Lögferjuskylda skal vera hin sama og nú er. Sýslunefndir hafa eftirlit með því, hver í sinni sýslu, að lögferjumenn haldi lögferjum í gildu standi og gæti skyldu sinnar að öðru leyti, eftir þeim nánari reglum, sem sýslunefnd setur á hverjum stað. Ekki má sýslunefnd hækka lögferjugjöld né afnema lögferju, nema með samþykki vegamálastjóra.

Nú samþykkir sýslunefnd að lækka lögferjugjöld, en lögferjumaður vill ekki hlíta samþykkt sýslunefndar, og skal þá málinu skotið til úrskurðar vegamálastjóra.

33. gr.

Nú vill sýslunefnd setja lögferju þar, sem ekki var lögferja áður, og skulu þá taka við henni landeigandi og ábúandi, en geta krafist þess, að ferjan sé lögð þeim til í upphafi. Ferjugjöldin skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

34. gr.

Nú verða ábúendaskipti á býli því, er lögferja fylgir, og má viðtakandi þá krefjast þess, að honum sé metið álag á ferjuna.

35. gr.

Sæluhús skal gera á fjallvegum og annars staðar þar, er þurfa þykir, og telst kostnaður við byggingu þeirra með vegagerðarkostnaði, en kostnaður við viðhald þeirra og rekstur með viðhaldskostnaði.

36. gr.

Girðingar úr sléttum vír eða vírneti má hvergi setja nær alfaravegi en 1 metra frá vegjaðri og ekki nær en 3 metra frá miðjum vegi.

Girðingar úr gaddavír hvergi nær en 4 metra frá vegjaðri og 6 metra frá miðjum vegi.

Grjótgarða, torfgarða og skiðgarða má ekki setja svo nærri vegi, að valdi aðfenni, og ekki nær vegbrún en 10 metra, nema með sérstöku leyfi hlutaðeigandi sjórnarvalda.

Þar, sem skurður er meðfram vegi, skal metrabreið ræma af ytri skurðbakkanum teljast til vegarins, og má ekki gera girðingar eða önnur mannvirki á þeirri ræmu án leyfis.

Ekki má setja vörupalla eða vöruskýli nær vegbrún en svo, að bifreið geti staðnæmzt þar utan við.

Ekki má reisa hús nær vegbrún en 10 metra, ef um þjóðveg er að ræða, nema leyfi vegamálastjórnarinnar komi til, og ekki nær öðrum vegum en 6 metra.

Hvergi má festa upp auglýsingaspjöld meðfram alfaravegum utan kaupstaða og kauptúna né setja upp auglýsingar á annan hátt, nema um opinberar tilkynningar sé að ræða.

Heimilt er þó þeim, sem býr við alfaraveg, að auklýsa þar atvinnurekstur sinn.

37. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg, með hliði fyrir á veginum, nema með leyfi vegamálastjóra, ef um þjóðveg eða fjallveg er að ræða, en með leyfi sýslunefndar, ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða. Synjun sýslunefndar um slíkt leyfi má skjóta til vegamálastjóra til úrskurðar. Sama bann gildir þar, sem mælt og markað hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarabúanda, hvar mælt hafi verið.

38. gr.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minnsta kosti 2,0 metrar á breidd á reiðvegi, en 4 metrar á akfærum vegi. Á reiðvegi skal grindin vera svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki. Á akvegi þannig, að grindin haldist opin af sjálfri sér, meðan ekið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka hliðinu á eftir sér.

Heimilt er hlutaðeigandi stjórnarvöldum að afturkalla með eins árs fyrirvara gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg með hliði á fyrir veginum.

39. gr.

Skylt er að halda við girðingum, svo að aldrei geti þær hindrað eða bargað umferð um veginn. Þyki vegamálastjórninni þessa ekki gætt, er ráðherra heimilt að úrskurða, að viðgerð skuli framkvæma á kostnað þess, sem að réttu her að viðhalda girðingunni.

40. gr.

Nú liggur vegur eða stígur eða götutroðningar yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg, með hliði á fyrir veginum, en eigi má hann loka hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi.

Nú neitar hreppsnefnd um slíkt leyfi, og má þá leggja málið undir úrskurð vegamálastjóra. Vegamálastjóri skal úrskurða, ef ósamkomulag er um viðhald eða endurbætur slíks vegar.

Heimilt er aðilum, er slíkan veg nota, að gera um hann samþykkt, enda hljóti hún staðfestingu vegamálastjóra.

41. gr.

Nú er lagður vegur gegnum land manns, og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að veginum á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gera fláa á veginn, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og sé hallinn á fláanum eigi meiri en 1:8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er fram með veginum, að minnsta kosti 2 metra breiða. Landeigandi skal birta verkstjóra kröfu sína í þessu efni áður en vegurinn er fullgerður á þeim stað, sem hann vill hafa aðgang að, og skal sá aðgangur gerður þar eða svo nálægt sem kostur er á. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi verkstjóra eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleiri stöðum í landi sínu en þeim eina.

VI. KAFLI

Um framkvæmd viðhaldsins, um vetrarviðhald og reglur fyrir umferð.

42. gr.

Stjórnarvöld þau, sem eiga að sjá um viðhald vega samkvæmt lögum þessum, skulu fá til svo hæfa menn sem kostur er á, til þess að hafa eftirlit með vegunum og annast viðhald þeirra.

43. gr.

Eftirlitsmenn skulu tafarlaust láta gera við allar skemmdir á vegunum, þær er hætta getur stafað af eða hindrað umferð eða hætt er við, að ágerist svo, að meiri kostnaður hljóti af. Þeir skulu á veturnum halda skurðum og rennum opnum, svo að eigi renni yfir veginn í leysingum. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma viðhaldið eftir því, sem þeim verður fyrirskipað.

Eftirlitsmenn skulu og hafa gát á því, að vegfarendur hlýði ákvæðum þeim um umferð á vegum, sem sett eru í lögum þessum eða sett kunna að verða, svo og að vegurinn og þau mannvirki, sem honum fylgja, séu eigi skemmd af mannavöldum. Skulu þeir tafarlaust kæra öll slík brot fyrir lögreglustjóra.

44. gr.

Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri að vetrarlagi, og skal þá telja þann kostnað með öðru viðhaldi vegarins. Heimilt er vegamálastjórninni að binda slíkt vetrarviðhald því skilyrði, að allur slíkur kostnaður eða nokkur hluti hans verði endurgreiddur með framlagi úr héraði, þar sem um þjóðveg er að ræða. Sömu heimild hefur sýslunefnd að því, er snertir sýsluvegi.

45. gr.

Stjórnarvöld þau, er eiga að annast viðhald vega, hreppsnefndir og sýslunefndir þó eigi nema með samþykki vegamálastjóra, geta sett þær reglur fyrir umferð um vegi þá, er þau annast viðhald á, sem nauðsynlegar eru til þess að girða fyrir skemmdir á vegunum eða til þess að greiða fyrir umferð, svo sem um hámarkspunga bifreiða, er fara mega um ákveðna vegarkafla.

Á sama hátt er heimilt að setja þær reglur um umferð um brýr, sem þurfa þykir. Vegamálastjóri getur enn fremur, að fengnum tillögum sýslunefndar, þar sem um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða, hannað umferð bifreiða þann tíma árs, sem hættast er við skemmdum á veginum.

VII. KAFLI

Sérstök ákvæði um vegi í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig.

46. gr.

Í kaupstöðum skulu götur og vegir lagðir þar, sem ákveðið er á skipulagsuppdrætti. Í kauptúnum gildir sama, ef skipulagsuppdráttur hefur verið gerður, ella ákveður hreppsnefnd, hvar götur og vegir skuli liggja innan kauptúnsins.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd ákveður um gerð gatna og vega.

47. gr.

Kostnaður við vegagerð og vegaviðhald í kaupstöðum greiðist úr bæjarsjóði, en í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, úr sveitarsjóði.

48. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig og þar sem ekki er samþykkt um sýsluvegasjóði (sbr. 18. gr.), skal hálftr sýsluvegagjaldið renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið hefur næsta ár á undan því, er það sýsluvegagjald var á lagt, varið til vegagerðar í kauptúninu að minnsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði og nemur hálfu sýsluvegagjaldinu, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hafði til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið ekki lægra en 20 kr. á hvern verkferan mann samkvæmt 18. gr. þessara laga.

Í sýslum, sem hafa gert samþykkt um sýsluvegasjóði, fer um atriði þetta samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

VIII. KAFLI

Um skemmdir og um sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

49. gr.

Enginn má stífla skurði meðfram vegi eða frá vegi eða ræsi gegnum veg eða gera neitt það, er hindrað getur eða aukið eðlilegt vatnsrennsli gegnum veg eða frá vegi, eða veita vatni á veg.

50. gr.

Enginn má skemma af ásettu ráði nein mannvirki, sem til vegarins teljast, svo sem brýr, ferjur, háskamerki eða önnur leiðbeiningarmerki, vörður eða sæluhús.

Skemmist eitthvert slíkt mannvirki við árekstur bifreiðar, er bifreiðarstjóra skylt að tilkynna það þegar vegamálastjóra eða umsjónarmanni vegarins eða lögreglustjóra. Skal sá, er valdið hefur árekstrinum, skyldur að bæta áorðnar skemmdir.

51. gr.

Hver sá, sem notar sæluhús við alfaraveg, skal ganga þriflega um það, fara gæti-lega með eld, eldfæri og önnur tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sinum stað og loka dyrum, svo að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum, sem verður var við, að brotið hafi verið á móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

52. gr.

Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögnum, varða sektum frá 25—1000 kr., nema þyngri hegning liggji við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefur unnið.

53. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögglumál.

IX. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

54. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 101 1933 og öll önnur lög um breytingar á þeim.

55. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvörpum þeim um breyting á vegalögum, sem fram hafa verið borin í báðum deildum Alþingis, ásamt öllum framkomnum breytingartillögum, hefur verið vísað til samgöngumálanefnda deildanna, en þær sendu málið til umsagnar vegamálastjóra, er á fyrri þingi hafði verið falin endurskoðun vegalaganna í heild. Hefur hann í samráði við nefndirnar samið frumvarp til nýrra vegalaga, eins og það liggur hér fyrir, og komu nefndirnar (þ. e. samvinnunefnd samgöngumála) sér saman um, að það skyldi borið fram í Nd., en hin fyrri frv. yrðu þannig úr sögunni. Hins vegar skyldu brúarlagabreytingar sæta fyrst meðferð í Ed. að lokinni endurskoðun vegamálastjóra.

Ýtarlega greinargerð hefur vegamálastjóri samið fyrir lagabreytingum þessum og fer hún hér á eftir:

Á síðasta Alþingi var 2. apríl samþykkt svo hljóðandi rökstudd dagskrá í neðri deild:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að vegamálastjóri undirbúi fyrir næsta Alþingi þá endurskoðun á gildandi vegalögum, sem sanngjarnt og nauðsynlegt telst, að teknu tilliti til breytingartillagna, er fram eru komnar eða fram kunna að koma á yfirstandandi þingi, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Núgildandi vegalög eru frá 1933, og að frátaldri mjög viðtækri aukningu þjóðvegakerfisins, sem talið er í 2. gr., hafa engar verulegar breytingar verið gerðar á þeim. Það er því ekki óeðlilegt, að tímabært þyki að gera nú á þeim nokkrar breytingar, svo mjög sem samgöngur hafa aukizt síðan. Þó mega vitanlega margar greinar þeirra enn standa óbreyttar, en þar sem æskilegar breytingar eru allviðtækar, þótti réttara og glegggra að bera fram frv. til nýrra vegalaga en aðeins um þær greinar, er breytast eða eru úr felldar.

Víða þar, sem í núgildandi lögum eru atriði lögð undir vald eða úrskurð ráðuneytisins, eru þau í frv. lögð á vald vegamálastjóra eða vegamálastjórnar í samræmi við þá venju, sem myndast hefur.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Óbreytt sama gr. í vegalögum.

Um 2. gr.

Vísast til fskj. (erindi vegamálastjóra).

Um 3. og 4. gr.

Óbreyttar sömu gr. í vegalögum.

Um 5. gr.

Er vegalögin voru sett 1933, voru enn sýsluvegir í mörg kaupún og milli sýslna. Þessir vegir eru nú allir orðnir þjóðvegir. Er skilgreining sýsluvega í frv. í samræmi við þá þróun. Þar sem framlög ríkissjóðs til sýsluvega eru nú orðin mjög veruleg, þykir rétt, að samþykki vegamálastjórnarinnar komi til um ákvörðun

sýsluvega. Mun enda mjög þörf að endurskoða sýsluvegakerfi allra sýslna, til þess að samræma það sem bezt innanhéraðssamgönguþörfum.

Um 6. gr.

Óbreytt sama gr. í vegalögum.

Um 7.—9. gr.

Nokkrar breytingar eru á orðalagi fyrri málsgr. í 7. gr. og m. a. tekið fram, að forseti Íslands skipi vegamálastjóra.

Felld er burt í öllum þessum greinum heimild til þess að ráða sérstaklega verkfróða menn til að undirbúa vegagerð eða brúargerð, þar sem slík heimild þykir óþörf, enda hefur aldrei verið notað.

Um 10.—12. gr.

Óbreyttar eins og 10., 12. og 13. gr. vegalaganna, en 11. gr. vegalaganna er felld burt, þar sem hún þykir að mestu óþörf. Þó er efni hennar að nokkru felld inn í 24. og 36. gr. frv., þar sem það á betur heima.

Um 13. gr.

Í 14. gr. vegalaganna er ákveðið sýsluvegagjald 2—5 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann. Gjald þetta er vitanlega nú orðið allt of lágt til þess að ná nokkrum tilgangi, og hefur jafnvel af sumum verið haldið fram, að réttast væri að afnema það. Það þykir þó ekki rétt, og er því í frv. sett heimild til slíks vegaskatts og hann hækkaður þannig, að megi nema andvirði eins dagsverks.

Um 14. gr.

Greinin er samhljóða vegalagabreytingu nr. 80 1943.

Um 15. gr.

Aðalbreytingin felst í hækkun framlags ríkissjóðs til sýsluvega, þar sem ekki eru sýsluvegasjóðir. Nú má framlag nema allt að helmingi kostnaðar nýbyggingar, en ekkert til viðhaldsins, en hér er lagt til, að framlög til nýbygginga megi nema allt að $\frac{3}{5}$ hlutum kostnaðar og helmingi viðhaldskostnaðar. Þykir nauðsyn að hækka framlagið til þess að styðja sýslurnar betur til vegabóta innan héraðs.

Nú er hér um að ræða 11 sýslur, en í 12 eru sýsluvegasjóðir. Þessar 11 sýslur eru: Kjósarsýsla, Snæfellsnessýsla, Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla, Norður-Þingeyjarsýsla, Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla, Austur-Skaftafellssýsla og Vestur-Skaftafellssýsla. Í Austur-Barðastrandarsýslu er nú að koma samþykkt um sýsluvegasjóð.

Heildargjöld sýslusjóða í þeim öllum nánú 1945 samtals kr. 613300.00. Þar af voru útgjöld til vegamála kr. 137770.00, eða um 22,4%, að visu hlutfallslega mjög mismunandi, frá 9,7% til 43,5%. Til viðbótar vegabótakostnaði úr sýslusjóðum kemur mjög víða talsvert framlag frá hreppunum til sýsluvega. Einnig var framlag ríkissjóðs til sýsluvega 1945 kr. 145000.00. Það ár var sótt um framlög samtals að upphæð kr. 215000.00, en fjárveiting var aðeins fyrir kr. 145000.00.

Vegabætur á sýsluvegum eru því allþungur baggi á sýslusjóðunum, en þeir hafa mjög takmarkaða möguleika til tekjuöflunar. Er því eðlilega mjög leitað á um að koma sýsluvegunum í þjóðvegatölu, því að þörfin knýr alls staðar á um bætтар samgöngur.

Í frv. er gert ráð fyrir, að þetta hækkaða framlag verði ekki lögbundið, svo sem er um framlagið til sýsluvegasjóðanna, heldur takmarkað af fjárveitingu hvers árs.

Um 16.—17. gr.

Óbreyttar sömu gr. í vegalögum.

Um 18. gr.

Hreppsvegagjaldið er í núgildandi vegalögum ákvæðið 2–5 kr. á hvern verkfæran karlmann, sem vitanlega hrekkur skammt mót núverandi kauplagi. Er það því hækkað í 20 kr. og jafnframt heimilað að hækka upp í andvirði eins dagsverks í vegavinnu. Á síðasta Alþingi var borið fram frv. um hækkun gjaldsins, sem ekki varð útrætt, er vegalagabreytingunum var með dagskrá vísað til stjórnarinnar.

Við eftirgrennslan hefur komið í ljós, að hreppsvegagjaldið mun hvergi lægra en 5 kr., en í nokkrum sýslum hærra en lög standa til, 10 kr., 12 kr. og jafnvel 40 kr.

Um 19.—23. gr.

Óbreyttar sömu gr. í vegalögum.

Um 24. gr.

Nær samhljóða 24. gr. vegalaga með áorðnum breytingum í lögum nr. 21 1940 um, að ríkissjóður, en ekki sýslusjóður, greiði bætur fyrir jarðrask. Felldur er inn í greinina kafli úr 11. gr. vegalaga um fráráslu frá vegi, sem þykir eiga heima í þessari grein.

Um 26.—29. gr.

Gildandi ákvæði þessara greina um mat hafa reynzt vel og eru því óbreytt eins og í sömu gr. vegalaga.

Um 30. gr.

Óbreytt sama gr. í vegalögum.

Um 31. gr.

Ný ákvæði um bifreiðafertur og lendingarbætur fyrir þær, sem rétt þykir að taka upp, þar eð fullvíst má telja, að nokkrum slíkum ferjum verði komið á. Þykir réttara, að heimild sé til að greiða kostnað þennan úr ríkissjóði frekar en skylda.

Um 32. gr.

Óbreytt 31. gr. í vegalögum, en 32. gr. vegalaga um dragferjur og svifferjur er felld burt, því að eðlilegt þykir, að þar, sem slíkar ferjur eru, en nú eru aðeins eftir fáar svifferjur, beri sami aðili kostnað af þeim, sem kostar veg þann, er að þeim liggur.

Um 33.—35. gr.

Óbreyttar sömu gr. í vegalögum.

Um 36. gr.

Ákvæðinu um fjarlægð girðinga og nýrra húsa frá vegum er breytt þannig, að fjarlægð skal vera nokkru meiri en nú er.

Bætt er inn ákvæði um fjarlægð vörupalla frá vegbrún, en þeir eru nú víða reistir of nærri vegi, svo að til óþæginda er fyrir umferð.

Um 37. gr.

Óbreytt sama gr. í vegalögum, þó er úrskurður um girðingar yfir sýsluvegi og hreppsvegi falinn vegamálastjóra í stað ráðherra.

Um 38. gr.

Bætt er inn ákvæði um hliðgrindur á akvegum.

Um 39. gr.

Óbreytt sama gr. í vegalögum.

Um 40. gr.

Bætt er inn ákvæði um, að lagt skuli undir úrskurð vegamálastjóra, ef ágreinigur verður um heimild til þvergirðingar yfir veg, svo og um byggingu og viðhald vega, sem ekki eru hreppsvegir, en nánast einkavegir eins eða fleiri, t. d. sumarbústaðaeigenda.

Um 41. gr.

Óbreytt sama gr. í vegalögum.

Um 42.—44. gr.

42. og 44. gr. um framkvæmd viðhalds vega og vetrarviðhald þeirra er breytt nokkuð í samræmi við það viðhorf og venjur, er nú hafa skapast, en 43. gr. er óbreytt. 45. og 46. gr. í vegalögum eru felldar burt, þar sem þær þykja óþarfar.

Um 45. gr.

Þegar umferðalög voru sett, voru felldar burt 50. og 52. gr. vegalaganna. Í 51. gr. vegalaganna eru þó ákvæði, sem þurfa að vera í gildi áfram, og eru þau tekin í þessa grein ásamt nokkrum breytingum.

Um 46.—48. gr.

Í 46. og 48. gr. eru gerðar smábreytingar með tilliti til ákvörðunar gatna á skipulagsuppdráttum. Í stað orðsins „verzlunarstaður“ þykir betur fara á og réttara að segja „kaupún“.

Í 48. gr. þykir rétt að vísa í sérákvæði um endurgreiðslu hiuta sýsluvegagjalds í sveitarsjóð, þar sem samþykkt er um sýsluvegasjóð.

Um 49.—53. gr.

Smábreytingar eru gerðar á 53. og 54. gr. vegalaga (49. og 50. gr. frv.). Sektir fyrir brot eru hækkaðar nokkuð frá því, sem nú er.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 14. desember 1946.

Vegalagabreytingar.

Síðasta Alþingi vísaði með rökstuddri dagskrá framkomnum tillögum um breytingar á vegalögum til ríkisstjórnarinnar.

Hefur eftir því, sem tími hefur unnizt til, farið fram undirbúningur undir breytingar á vegalögum, sem æskilegt og réttmætt þykir, að gerðar verði.

Á Alþingi hafa nú komið fram allmargar breytingartillögur, og eru allar um að bæta inn í 2. gr. laganna nýjum vegaköflum, sem eru að lengd nær 1100 km, og skal fyrst rætt um tillögur þessar. Flestar þessar tillögur komu fram á síðasta Alþingi, og voru þó vegakafarnir þá samtals 758 km, eða 350 km styttri en í núverandi tillögum.

Með vegalagabreytingu 1943 var bætt við nýjum þjóðvegum að lengd 597,5 km, og eru þeir nú að lengd um 5600 km.

Að því er snertir afstöðu mína yfirleitt til tillagna um að bæta fleiri vegaköflum í þjóðvegakerfið, vil ég vísa til bréfs míns til samgöngumálanefnda Alþingis dags. 19. febr. 1946, sem prentað er með nefndarálitinu Nd. á þskj. 515 ásamt dagskrá þeirri, sem samþykkt var.

Þar legg ég til að fara varlega í að bæta við nýjum þjóðvegaköflum, meðan nauðsyn þykir að dreifa nýbyggingarfénu svo mjög sem gert er í fjárlögum. Þá fer og ekki hjá því, að ætla verði talsvert hærri fjárveitingu til viðhalds og umbóta. Ég vek og máls á því, hvort ekki muni réttara að auka framlagið í fjárlögum til akfærra sýsluvega, þannig að greiddir verði allt að $\frac{2}{3}$ hlutar kostnaðar við nýbyggingar á sýsluvegum í stað allt að $\frac{1}{2}$ eins og nú er.

Á síðasta Alþingi var hækkað framlag ríkissjóðs til sýsluvegasjóða allverulega. Frá fjórðungsjóði Norðlendinga, sem haldið var á Akureyri í síðastliðnum sept-

ember, hefur mér borizt samþykkt, er þar var gerð um að skora á Alþingi að hækka það framlag enn meir. Samþykkt þessi mun og hafa verið send Alþingi.

Ég viðurkenni, að fjárhag sýslufélaganna er um megn, eins og tekjustofnum þeirra er háttað, að verja nægu fé til vegabóta, svo mjög sem þeirra gerist nú þörf enn frekar en fyrr, er bændur verða mjög víða að breyta algerlega um búskaparháttu og byggja afkomu sína á daglegri mjólkursölu. Þrátt fyrir að þjóðvegir eru nú um margar byggðir hvernar sýslu og þrátt fyrir rífleg framlög til sýsluvega, miðar nauðsynlegum endurbótum of seint, miðað við auknar þarfir.

Ég er eins og fyrr hlyntari þeirri stefnu að auka framlögin til sýsluveganna en að fara langt í því að bæta við þjóðvegakerfið.

Hækkun sú, er lögfest var í fyrra, á hlutfallsframlagi ríkissjóðs til sýsluvegasjóða, varð til þess, að heildarframlag ríkissjóðs í 12 sýslur mun nema í ár um kr. 550000.00 móts við kr. 376000.00 árið 1945. Móti því komu tekjur vegasjóðanna úr héraði, nær eingöngu fasteignaskatturinn 1946, um kr. 450000.00 og 1945 kr. 398000.00. Er hér því um allverulega hækkun að ræða.

Framlög ríkissjóðs til akfærra sýsluvega í 11 sýslum, þar sem ekki eru sýsluvegasjóðir, námu 1945 kr. 145000.00 og 1946 um kr. 200000.00, en í fárlfrv. fyrir 1947 er það áætlað kr. 250000.00. Þess má geta, að þrátt fyrir árlega hækkandi framlög ríkissjóðs hefur þó aldrei verið unnt að veita svo há framlög í heild eins og sótt hefur verið um til þess að ná helmings kostnaði við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Vegna hinnar miklu sífelldu kauphækkunar aukast þó framkvæmdir ekki í svipuðu hlutfalli. Tel ég því æskilegt að gera nú hvort tveggja, að hækka framlögin til sýsluvega og bæta við nokkrum nýjum þjóðvegaköflum, enda sýna hinar mörgu framkomnu tillögur, að þingmenn muni mjög hafa hug á að létta vegabóta-kostnaðinum af sýslufélögunum.

Í frv. því til vegalaga, sem nú hefur verið samið, er því í 15. gr. lagt til að hækka framlög ríkissjóðs til akfærra sýsluvega þannig, að þau nemi helmingi viðhaldskostnaðar og allt að $\frac{3}{5}$ hlutum kostnaðar nýrra akvega.

Hve miklu þessi hækkun muni ríkissjóð, er erfitt að ætla. Að visu er hún ekki lögbundin eins og framlagið til vegasjóðanna, en til þess að hún komi að nokkrum tilætluðum notum, yrði að hækka áætlunarupphæðina í fjárlagafrv. 1947 úr 250 þús. kr. í minnst 350 þús. kr.

Í sérstöku frv. um breytingu á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, er lagt til, að ákvæðið í 3. gr., sem í fyrra var hækkað úr 6% í 10%, verði enn hækkað í 12%. Verði allar 12 sýslurnar í hámarki skatts, 10%, verða framlög úr héruðum nálægt 430 þús. kr. og framlag ríkissjóðs nálægt 600 þús. kr. Með hækkun í 12% verða héraðsframlögin nálægt 515 þús. kr. og framlög ríkissjóðs nálægt 775 þús. kr.

Fyrir árið 1946 er fasteignaskattur í öllum 12 sýslunum, nema Gullbringusýslu, í hámarki, 10%, en í þessari einu sýslu var hann 6%.

Má því vænta þess, ef hámark yrði hækkað í 12%, að þá mundi verða að hækka fjárveitinguna til sýsluvegasjóða í fjárlagafrv. 1947 úr 500 þús. kr. í 750 þús. kr., en jafnvel þó að það verði óbreytt, 10% eins og samþykkt var á síðasta Alþingi, þarf að hækka áætlunina úr 500 þús. kr. í 575 þús. kr.

Í greinargerð minni, er hér fer á eftir, fyrir tillögum um nýja þjóðvegi, eru færðar ástæður mínar um hvern einstakan vegarkafila. Á Alþingi hafa komið fram tillögur um marga fleiri vegarkafila, sem ég hef ekki getað fallizt á að mæla með að þessu sinni, en tel þó ekki þörf að greina hér ástæður mínar fyrir þessari afstöðu um hvern einstakan vegarkafila.

Fallist Alþingi á tillögur þessar um að taka rúmlega 500 km nýrra vega í þjóðvegatölu, hlýtur vitanlega viðhaldskostnaður þjóðvega að hækka þegar allverulega, fráleitt minna en 300 þús. kr. Jafnframt væri þó til litils gagns fyrir sýslurnar að koma vegum þessum í þjóðvegatölu, ef ekki verður veitt fé til framhalds ný-

byggingar margra þeirra. Þyrfti þegar í fjárl. 1947 að ætla minnst 3—400 þús. kr. í þessu skyni.

Fara hér á eftir tillögur mínar og greinargerð um þá vegarkafla, er ég legg til, að teknir verði í tölu þjóðvega:

Gullbringusýsla (þskj. 66).

Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvikum að Kirkjuvogi í Höfnum.

Vegur þessi er góður akvegur, 8,5 km að lengd. Næst Njarðvikum er hann á leiðinni að Keflavíkflugvelli og þykir því frekar ástæða til að taka hann í tölu þjóðvega.

Kjósarsýsla (þskj. 66).

Reynivallavegur: Af Vesturlandsvegi norðan Laxárbrúar um Reynivelli að vegamótum Kjósarskarðsvegar hjá Möðruvöllum.

Vegur þessi er 10 km að lengd og akfær að Reynivöllum um 4,0 km, en þaðan er vegleysa. Í sýslunni eru margir innsveitarvegir, sem sýsla og hreppur verða að veita mikið fé til að bæta, en daglegir mjólkurflutningar eru þarna brýn nauðsyn.

Reykjavegur: Af Vesturlandsvegi við Varmárbrú um Álafoss, um Reykja hverfi, hjá Miðdal, á Suðurlandsveg hjá Geithálsi.

Vegur þessi var að allmiklu leyti byggður af setuliðinu og er í góðu ástandi. Um hann er mikil utansveitarumferð og ekki sanngjarnt, að sýsla eða hreppur kosti viðhald hans. Vegarlengd er 12,0 km.

Ellidavatnsvegur: Af Suðurlandsbraut hjá Rauðavatni um Vatnsenda og Vífilstaði til Hafnarfjarðar.

Vegur þessi var byggður af setuliðinu og allvel gerður. Er um hann, eins og um Reykjaveg, allmikil almenn umferð frá Reykjavík og Hafnarfirði, og mundu hvorki Kjósar- eða Gullbringusýsla vilja taka hann í tölu sýsluvega. Síðan setuliðið hvarf af landi, hefur viðhald hans verið greitt af viðhaldsfé þjóðvega. Vegarlengd er um 11 km.

Borgarfjarðarsýsla (þskj. 11).

Andakilsfossavegur: Af Vesturlandsvegi nálægt Ausu, hjá Andakilsfossu á Skorradalsveg hjá Grund.

Á þskj. 11 er lagt til, að tekinn verði í tölu þjóðvega þessi vegur ásamt framhaldi hans inn að Efstabæ í Skorradal. Er sú vegarlengd öll 28,0 km. Hér er lagt til að taka aðeins þann kaflann, sem mest er umferð, og er það sérstaklega með tilliti til Andakilsvirkjunarinnar. Vegarlengd er um 7,0 km, og er vegurinn allur akfær.

Leirársveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Leirá. Síðan yfir Laxárbrú hjá Hóli og á Vesturlandsveg skammt frá Miðfelli.

Á þskj. 11 er lagt til, að tekinn verði í tölu þjóðvega vegurinn frá Vesturlandsvegi nálgt Leirá norðan Laxár og Svinadalsvatna á Draghálsveg um 19 km vegarlengd. Með tillögu minni fæst í þjóðvegatölu hringbraut, er nær inn í mynni Svinadals, en um hann liggur annar þjóðvegur. Vegarkafli þessi samkvæmt minni tillögu er um 11,5 km á lengd, sem að nokkru leyti er ólagður vegur.

Hvalfjarðarferjuvegir: Af Vesturlandsvegi hjá Eyri í Kjós að ferjulendingu sunnan Hvalfjarðar og af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum að ferjulendingu norðan Hvalfjarðar hjá Katanesi.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að leggja skuli vegi að lendingarstöðum ferju, sem fyrirhugað er að hafa á Hvalfirði, sérstaklega til flutnings á bifreiðum yfir fjörðinn. Norðan fjarðar verður vegstúfur þessi 2,2 km og sunnan um 0,5 km. Er eðlilegt, að vegir þessir verði þjóðvegir, enda í samræmi við nýtt ákvæði í 31. gr. vegalagafrumvarpsins.

Mýrasýsla.

Engar breytingartillögur hafa komið fram á þessu Alþingi, en í fyrra komu nokkrar, og hefur verið haft tillit til þeirra.

Þverárhliðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut um Hjarðarholt og Arnbjargarlæk á Kleifaveg hjá Norðtungu.

Vegur þessi er 10,5 km að lengd og að telja má sumarbilfær, en þarf talsverðra endurbóta.

Í tillögu, sem lá fyrir Alþingi í fyrra, var gert ráð fyrir þjóðvegi inn í Þverárhlið, en ég tel réttara, að þessi vegur komi í samband við Kleifaveg hjá Norðtungu.

Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Varmalands-skóla.

Húsmæðraskóli Borgarfjarðar hefur verið reistur að Varmalandi, og fyrirhugað er að reisa þar fleiri skóla. Nú er þangað lítt fær vegur, en byrjað á akvegi, sem verður 2,5 km að lengd.

Stafholltsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Stafholti.

Í tillögu, sem lá fyrir Alþingi í fyrra, var lagt til að taka þennan veg í tölu þjóðvega og enn lengra niður með Norðurá að Flóðatanga, sem er neðsti bærinn í Tungunni, en ég tel rétt að miða við kaflann að Stafholti, sem er 3 km að lengd, en þaðan er nær 3 km að Flóðatanga.

Dalásýsla (þskj. 59).

Haukadalsvegur: Af Vesturlandsvegi sunnan við Haukadalsárbrú um Haukadal inn á móts við Leikskála.

Á þskj. 59 er lagt til að taka í tölu þjóðvega Haukadalsveg inn að Krossi, sem er innsti bærinn, og er vegarlengd þangað 18,5 km, en Leikskálar eru skammt innan við miðjan dal og vegarlengd þangað um 9,5 km og að mestu akfær.

Á þessari leið þarf nýja brú á Haukadalsá.

Laugavegur: Af þjóðveginum í Hvammssveit að Laugum.

Á Laugum er sundlaug og skóli. Vegarlengd er um 1,5 km og akfært, en þarf mikið til nýjan veg.

Barðastrandarsýsla (þskj. 6).

Suðurfjarðavegur: Frá Bildudal um Suðurfirði að Fossi.

Á þskj. 6 er lagt til, að tekinn verði í tölu þjóðvega þessi vegur ásamt framhaldi hans suður yfir heiði, á Barðastrandarveg væntanlega nálægt Brjánslæk. Er sú vegalengd öll um 42 km, en að Fossi er 12,0 km.

Líklegt þykir, að með tímanum verði gert akfært frá Bildudal um Foss til Barðastrandar, en leiðir eru enn órannsakaðar. Er réttmætt, að byrjað verði að gera akfært inn að Fossi, en að svo stöddu þykir ekki ástæða til þess að ákveða þjóðveg lengra.

Rauðasandsvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker og Saurbæ að Lambavatni á Rauðasandi.

Hér eru nýir kaflar frá Ósi að Hvalskeri um 9,5 km og frá Saurbæ að Lambavatni um 4,5 km, en vegurinn frá Hvalskeri að Saurbæ hefur verið þjóðvegur.

Á Rauðasandi er talið muni geta orðið blómleg byggð vegna verulega góðra ræktunarskilyrða, og er það Patreksfjarðarkauptúni mikil nauðsyn og Rauðasandsbyggðinni vitanlega einnig, að sem öruggast samband fáið þessa leið. Undanfarið hefur verið farið sjóleiðis að Hvalskeri, en yfir heiðina er þaðan til Rauðasands mjög stíður vegur.

Örlygshafnarvegur: Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri inn Sauðlauksdal til Örlygshafnar.

Á þingskjali 6 er lagt til að taka í tölu þjóðvega alla leiðina út að Látrum, sem er um 30 km vegarlengd. Hér er fallið á að taka inn nær helming leiðarinnar, eða um 14 km,

Vestur-Ísafjarðarsýsla.

Hjarðardalsvegur: Af Ísafjarðarvegi hjá Mosvöllum i Önundarfirði um Hjarðardal og yfir Dalsá hjá Kirkjubóli i Valþjófsdal.

Nú er þjóðvegur að Hjarðardal, en þaðan er 4 km út i Valþjófsdal. Kom fram tillaga á Alþingi i fyrra um að taka þennan veg i þjóðvegatölu.

Norður-Ísafjarðarsýsla (þskj. 2).

Ögurvegur: Frá Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp um Múla, um Eyrarfjall og Mjóafjörð i Ögur.

Tillögunni er breytt þannig, að vegurinn frá Múla til Ögurs, sem hún fjallar um, er felldur við núverandi þjóðveg frá Arngerðareyri að Múla. Hér er um allmikla vegagerð að ræða, 57,5 km að lengd frá Múla, og nokkuð kostnaðarsama, en þykir réttmætt, að með tímanum komi þarna akfær þjóðvegur bæði vegna innanhéraðsumferðar og langferða. Sjóleið um Djúpið til Ísafjarðarkaupstaðar yrði þá aðeins frá Ögri til Súðavíkur.

Snæfjallastrandarvegur: Frá Ármúla um Snæfjallaströnd að Bæjum.

I þskj. 2 er lagt til, að tekinn verði i tölu þjóðvega vegurinn allt út að Staðarbyggju i Grunnavík, sem er um 40 km að lengd.

Ég get ekki fallizt á að mæla með þjóðvegi lengra út Snæfjallaströnd en að Bæjum, en þar er nú komin smáskipabryggja, og er vegalengd þangað um 16 km. Á þessari leið er Kaldalón, og er að visu órannsakað, hvernig gert verður akfært út yfir það.

Strandasýsla (þskj. 55).

Selstrandarvegur: Af Reykjarfjarðarvegi norðan Selár út Selströnd um Drangsnæs að Bæ.

Nú er þjóðvegur út að Drangsnési, en i tillögunni er lagt til, að bætt verði við kaflanum þaðan að Kaldrananesi, sem er um 10 km. Kaflinn út að Bæ, sem hér er lagt til að taka i þjóðvegatölu er um 2 km. Hann liggur um eðlilegt ræktunarlund fyrir Drangsnæsþorp, en þaðan er yfir háls að fara til Kaldrananess og engin byggð á leiðinni, en vegstæði órannsakað. Þykir því ekki ástæða að taka þann kafla i þjóðvegatölu að þessu sinni. Enda eðlilegt að Kaldrananess komizt fyrst i akvegarsamband um Bjarnarfjörð og Bjarnarfjarðarháls, en þar er nú þjóðvegur.

Kaldrananessvegur: Af Bjarnarfjarðarvegi til Kaldrananess.

I Kaldrananesi er að risa upp smáverzlunarstaður með útgerð og frystihúsi. Vegur þessi er nú sýsluvegur og slarkfær bifreiðum. Vegarlengd er um 7 km.

Vestur-Húnavatnssýsla (þskj. 95).

Vatnssnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnssnes að Hindisvík.

Nú er þjóðvegur um Vatnssnes að austan, og yrði þá þjóðvegur allt kringum Vatnssnes. Þessi nýi vegur er 37 km að lengd og akfær, en þarf allverulegra umbóta.

Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrutafjarðarhálsi yfir Núpsá á væntanlegri brú nálægt Haugum.

Nú er þjóðvegur þessa leið að Minni-Tungu um 8 km, en i tillögunni á þskj. 95 er lagt til að bæta við kaflanum þaðan að Núpi, um 12,0 km vegarlengd. Ég tel réttara að miða þjóðveginn við væntanlega brú á Núpsá, sem verður nokkru utar, og nýr þjóðvegur þá um 5 km.

Austur-Húnavatnssýsla (þskj. 32).

Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá um Reyki á Svínvetningabraut hjá Tindum.

Þetta er akfær vegur, 13 km langur, og mun verða nokkuð farinn af langferðabifreiðum, er fara um Vatnsskarð, því að þessi leið verður um 10 km styttri en um Blönduós, þegar brú er komin á Blöndu hjá Löngumýri.

Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá.

Nú er þjóðvegur að Undirfelli, en fyrirhugað er að brúa Vatnsdalsá jafnvel nokkru innar í dalnum. Nokkur brúarstæði koma til greina, en hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um, hvert þeirra verði valið. Verði það hjá Hofi, sem ekki þykir ólíklegt, þá lengist þjóðvegurinn um 2 km.

Skagafjarðarsýsla (þskj. 27).

Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi skammt innan við Varmahlíð um Mælifell, um Tungusveit og Kjálka á Norðurlandsveg nálægt Egilsá í Norðurárdal.

Hér er breytt orðalagi frá því, sem er á þskj. 27, en þetta er sami vegur og þar er nefndur Sauðárkróksbraut. Af veginum er nú þjóðvegur kaflinn inn að Mælifelli, en þaðan er að mestu leið þessi óvegubót, en mun, þegar orðin er akfær, verða mikil og þörf samgöngubót innan héraðsins. Vegarlengd er um 27 km, og verður vegagerðin allkostnaðarsöm.

Hegranesvegur: Af Hofsósvegi hjá Garði að Ríp.

Í till. á þskj. 27 er gert ráð fyrir þjóðvegi að Eyhildarholti, sem er syðsti bær í tungunni milli vatna, er þangað 10 km, en ég tel rétt að taka í þjóðvegatölu aðeins kaflann að Ríp, sem er 6 km.

Eyjafjarðarsýsla (þskj. 69).

Hörgárdalsvegur ytri: Af Hörgárdalsvegi innri nálægt Hörgárbrú hjá Skuggahvammi að Dalvíkurvegi hjá Möðruvöllum.

Þessi leið liggur út Hörgárdal norðan ár og er sumarbilfær, um 15 km að lengd.

Suður-Þingeyjarsýsla (þskj. 15).

Laxárdalsvegur: Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárbrúum vestan Laxár að Þverá í Laxárdal.

Í till. á þskj. 15 er gert ráð fyrir þjóðvegi inn allan Laxárdal að Helluvaði við Mývatn, 27 km vegarlengd, en ég tek hér aðeins nyrzta kafla vegar þessa, 11 km að lengd.

Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts yfir væntanlega brú hjá Stóru-Völlum.

Í till. á þskj. 15 er gert ráð fyrir þjóðvegi inn allan Bárðardal að Kiðagili, sem er langt fyrir innan alla byggð, og 77 km að lengd. Mér þykir eðlilegt að miða þjóðveginn við hina fyrirhuguðu brú á Fljótið, en þangað eru 29 km. Þegar að því kemur, að Sprengisandsvegur verður gerður fær bifreiðum, fylgir kaflinn frá brúnni að Kiðagili honum, hvort sem hann verður þá þjóðvegur eða fjallvegur.

Norður-Múlasýsla (þskj. 33).

Vesturdalsvegur: Af Strandavegi nálægt Vesturá um Vesturárdal á Vopnafjarðarveg fyrir innan Hof.

Í tillögunni er farið fram á að gera að þjóðvegi veginn að innsta bæ í dalnum, Haugsstöðum, um 20 km. Mér þykir réttara, að þjóðvegur nái ekki svo langt inn í dalinn, en verði heldur tengdur við Hofsárdalsveginn innarlega, og verður þá vegar-kaflinn þessi 17 km. Er tillaga mín að nokkru miðuð við, að í Vopnafirði er byggð dreifð og því þörf margra og langra vega. Þykir því réttmætt að létta einum þeirra af sýslunni.

Hróarstunguvegur nyrðri: Af Austurlandsvegi austan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum austan Jökulsár, um væntanlega brú á Lagarfljót á Steinboga á Úthéraðsveg nálægt Hóli.

Hér er farið nokkru lengra en í tillögunni, því að rétt þykir, að vegur þessi verði tengdur við Úthéraðsveg, sem síðan liggur áfram til Borgarfjarðar. Lægi

Þannig þjóðvegur út alla Hróarstungu með báðum aðalbæjaröðunum að norðan og austan. Vegur þessi er 27 km að lengd, en vegstæði er mjög gott og vegagerðin mjög kostnaðarlítill, nema brúin yfir Lagarfljót, sem hvort sem er mun lenda á ríkis-sjóði að kosta, er að því kemur, að hún verði byggð. Í tillögunni er vegurinn nefndur Húseyjarvegur, en ég tel hitt heppilegra.

Seyðisfjarðarvegur: Frá Seyðisfirði að Þórarinsstöðum.

Í tillögunni er gert ráð fyrir þjóðvegi allt út að Skálanesi, sem er 14 km, en ég mæli aðeins með kaflanum út að Þórarinsstöðum, sem er 7,5 km og að mestu leyti akfær.

Suður-Múlasýsla (þskj. 54).

Skriðdalsvegur: Af Skógavegi vestan Grímsár inn Skriðdal um væntanlegar brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg.

Vegur þessi er 17 km langur, og er nokkur hluti hans akfær.

Vattarnesvegur: Af Fáskrúðsfjarðarvegi fyrir austan Kolmúla að Vattarnesi.

Leið þessi, sem er 6 km, er vegleysa, en í Vattarnesi er talsverð útgerð og nokkur byggð.

Austur-Skaftafellssýsla (þskj. 92).

Hornsvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Almannaskarði að Horni.

Vegalengd að Horni er um 5,5 km og þar af talinn fullgerður vegur um 3 km. Vegna umferðar að Stokksnesvita nálægt Horni þykir rétt að taka veg þennan í þjóðvegatölu.

Vestur-Skaftafellssýsla (þskj. 44).

Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Reyniskirkju í Mýrdal.

Í tillögunni er gert ráð fyrir, að auk þessa kafla verði einnig vegurinn frá Reyni yfir Reynisfjall þjóðvegur, en á það fellst ég ekki. Kafli sá, sem hér er tekinn inn, er tæpir 4 km, en yfir Reynisfjall er 3 km.

Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Búlandi.

Vegur þessi er 12 km, og liggur leiðin áfram inn á Fjallabaksveg nyrðri, sem væntanlega verður sumarbílfær milli byggða til Galtalækjar á Landi áður en langt liður.

Kirkjubæjar klaustursvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri á Síðu.

Vegur þessi er um 1,5 km, bílfær en lélegur og þarf nýjan veg, því að hann er mjög fjölfarinn.

Rangárvallasýsla (þskj. 17).

Árbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá um Árbæ á Landveg nálægt Lækjarbotnum.

Neðri kafli vegarins er bílfær, en sá efri er ógerður og verður æði kostnaðarsamur. Vegarlengd er um 17 km.

Ásvegur: Af Suðurlandsvegi móts við vegamót Landvegur um Ás að Sandhólaferju.

Í tillögunni er gert ráð fyrir þjóðvegi allt til Þykkvabæjar, um 23 km, en ég tel rétt að taka aðeins kaflann að bænum Sandhólaferju, sem er 11 km.

Bakkabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Þverárbrú, sunnan Þverár yfir væntanlega brú á Hólsá hjá Ártúni á Þykkvabæjarveg.

Í tillögunni er gert ráð fyrir þjóðvegi að Eystri-Hól, um 19,0 km. Ég tel rétt-

ast að tengja þennan veg við Þykkvabæjarveg um brúna á Hólsá, sem þegar hefur verið ákveðin, og verður þá lengd hans um 15 km.

Árnessýsla (þskj. 53, 114).

Kiðjabergsvegur: Af Suðurlandsvegi fyrir vestan Hraungerði, um væntanlega brú á Hvitá hjá Kiðjabergi á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.

Í tillögunni er gert ráð fyrir tveimur heitum á þessum vegi, Kiðjabergsvegur og Reykjavegur, en mér þykir heppilegra að telja báða þessa kafla sem einn veg. Vegarlengdin er 16 km, og er vegurinn að allmiklu leyti bilfær.

Þorlákshafnarvegur: Af Selvogsvegi nálægt Hlíðarenda til Þorlákshafnar.

Í Þorlákshöfn er nú hafin framkvæmd að hafnargerð, og þykir réttmætt, að þangað verði þjóðvegur. Vegarlengdin er 6 km, og er vegurinn þegar fullgerður.

Nýir þjóðvegakaflar samkvæmt tillögum vegamálastjóra:

Gullbringusýsla:

Hafnavegur 8,5 km

Kjósarsýsla:

Reynivallavegur 10,0 —

Reykjavegur 12,0 —

Ellíðavatnsvegur (í Kjósar- og Gullbringusýslu) 11,0 —

Borgarfjarðarsýsla:

Andakilsfossavegur 7,0 —

Leirársveitarvegur 11,5 —

Hvalfjarðarferjuvegir 2,7 —

Mýrasýsla:

Þverárhliðarvegur 10,5 —

Varmalandsvegur 2,5 —

Stafholtsvegur 3,0 —

Dalasýsla:

Haukadalsvegur 9,5 —

Laugavegur 1,5 —

Barðastrandarsýsla:

Suðurfjarðavegur 12,0 —

Rauðasandsvegur (viðbót) 14,0 —

Örlygshafnarvegur 14,0 —

Vestur-Ísafjarðarsýsla:

Hjarðardalsvegur (viðbót) 4,0 —

Norður-Ísafjarðarsýsla:

Ögurvegur (viðbót) 57,5 —

Snæfjallastrandarvegur 16,0 —

Strandasýsla:

Sælstrandarvegur (viðbót) 2,0 —

Kaldrananesvegur 7,0 —

Vestur-Húnavatnssýsla:

Vatnsnesvegur 37,0 —

Miðfjarðarvegur (viðbót) 5,0 —

Austur-Húnavatnssýsla:	
Reykjabraut	13,0 —
Vatnsdalsvegur (viðbót)	2,0 —
Skagafjarðarsýsla:	
Skagafjarðarvegur (viðbót)	27,0 —
Hegranesvegur	6,0 —
Eyjafjarðarsýsla:	
Hörgárdalsvegur	15,0 —
Suður-Þingeyjarsýsla:	
Laxárdalsvegur	11,0 —
Bárðardalsvegur vestri	29,0 —
Norður-Múlasýsla:	
Vesturdalsvegur	17,0 —
Hróarstunguvegur nyrðri	27,0 —
Seyðisfjarðarvegur	7,5 —
Suður-Múlasýsla:	
Skriðdalsvegur	17,0 —
Vattarnesvegur	6,0 —
Austur-Skaftafellssýsla:	
Hornsvetur	5,5 —
Vestur-Skaftafellssýsla:	
Reynishverfisvegur	4,0 —
Búlandsvegur	12,0 —
Kirkjubæjarklaustursvegur	1,5 —
Rangárvallasýsla:	
Árbæjarvegur	17,0 —
Ásvegur	11,0 —
Bakkabæjavegur	15,0 —
Árnessýsla:	
Kiðjabergrvegur	16,0 —
Þorlákshafnarvegur	6,0 —
	Samtals 534,7 km

Geir G. Zoëga.

Til samgöngumálanefnda Alþingis.